

Ákvörðun nr. 3/2022
Fimmtudagurinn, 24. febrúar 2022

Samruni Stekks fjárfestingarfélags ehf. og Límtré Vírnet ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Stekks fjárfestingarfélags ehf. (hér eftir „Stekkur“) á hlutafé í Límtré Vírnet ehf. (hér eftir „LV“). Með samrunanum kaupir Stekkur 35,30% af öllu útgefnu hlutafé félagsins. Í kjölfar kaupanna mun Stekkur eiga samtals sem nemur 80,68% af útgefnu hlutafé LV. Stekkur er nú þegar stærsti hluthafi LV og með samrunanum mun eignarhlutur Stekks aukast þannig að félagið öðlast yfirráð í LV.
2. Samruninn var tilkynntur þann 27. janúar 2022. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi en frestir til rannsóknar málsins byrjuðu að líða 28. janúar 2022. Við athugun málsins leit eftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá.
3. Starfsemi samrunaaðila sem starfa á ólíkum mörkuðum er eftirfarandi:
 - a. Stekkur er fasteigna- og fjárfestingafélag:
 - i. Þeir markaðir sem Stekkur starfar á eru markaður fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis og markaður fyrir fjárfestingastarfsemi.
 - ii. Stekkur á tvær fasteignir á Eskifirði sem eru í útleigu.
 - iii. Stekkur er hluthafi í þremur félögum, Securitas hf. með 56,35% hlut, L1124 ehf. með 50% hlut og LV með 45,68% hlut fyrir samrunann. Engin starfsemi er í L1124 ehf.
 - iv. Securitas hf. sem starfar m.a. við sölu öryggiskerfa er síðan eigandi alls hlutafjár í félögunum Parking Plus ehf., Geymslur ehf. og Vari fasteignafélag ehf.
 - b. Samrunaaðilar telja að LV starfi á undirmörkuðum byggingarvörumarkaðar en markaðsskilgreiningin byggja þeir á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2017, *Kaup Límtrés Vírnets ehf. á öllum hlutum í Bindir og Stál ehf.*
 - i. LV starfar aðallega á sviði innveggjastöða, hönnunar og framleiðslu á burðarvirki í límtré og steinullareiningum, innflutnings á stálgrindarburðarvirki og fleiri íhlutum í byggingarlausnir. LV flytur ýmist inn vörur eða framleiðir þær sjálf. Helstu viðskiptavinir LV eru verktakar, endursöluaðilar og einstaklingar. Fer sala til þessara aðila eftir vörutegundum og mörkuðum.
 - ii. Dótturfélög LV eru félögin Byggingarfélagið Borgfirðingar ehf. og Jökulberg ehf. og á LV allt útgefið hlutafé í félögunum. Engin starfsemi er í Byggingarfélaginu Borgfirðingar ehf. og Jökulberg ehf. er fasteignafélag utan um höfuðstöðvar LV að Lynghálsi 2, Reykjavík. Fer LV ekki með yfirráð í neinum öðrum félögum.
4. Í samrunatilkynningu segir að samrunaaðilar, þ.e. Stekkur og LV, starfi ekki á sömu mörkuðum og engin skörun sé þar á milli. Með samrunanum auki því enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína eða styrki hana, engin breyting verði á fjölda keppnauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun engin. Þá liggja fyrir að samrunaaðilar eigi ekki eignarhluti eða aðra



fjárhagslega hagsmuni í keppinautum hvort annars. Af því leiði að engin samkeppnisleg áhrif verði vegna samrunans.

5. Af upplýsingum samrunaaðila er ljóst að engin breyting verður á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og engin samþjöppun leiðir af samrunanum og ekki eru vísbendingar um skaðleg áhrif samrunans á samkeppni að öðru leyti.
6. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Samruni Stekks fjárfestingafélags ehf. og Límtré Vírnets ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson